

# STYKKISHÓLMSBÆR

Skýrsla um endurskoðun  
ársreiknings 2012

ÞREP ehf. – endurskoðun  
Apríl 2013

## EFNISYFIRLIT

---

<b>1. Framkvæmd endurskoðunarinnar .....</b>	<b>Bls.</b>	<b>3</b>
<b>2. Endurskoðun ársreiknings 2012 .....</b>	<b>“</b>	<b>3</b>
○ Almennar endurskoðunaraðgerðir .....	<b>“</b>	<b>3</b>
<b>3. Fjárhagsáætlun og rauntölur .....</b>	<b>“</b>	<b>4</b>
○ <b>Rekstur A hluta miðað við fjárhagsáætlun .....</b>	<b>“</b>	<b>4</b>
○ <b>Rekstur A og B hluta miðað við fjárhagsáætlun .....</b>	<b>“</b>	<b>4</b>
○ <b>Fjárfesting A og B hluta miðað við fjárhagsáætlun .....</b>	<b>“</b>	<b>5</b>
<b>4. Ársreikningar bæjarfélagsins 2012 – afkoma og fjárhagsstaða .....</b>	<b>“</b>	<b>5</b>
○ <b>Bæjarsjóður A hluti .....</b>	<b>“</b>	<b>5</b>
○ <b>B hluta fyrirtæki .....</b>	<b>“</b>	<b>5</b>
○ <b>Fráveita .....</b>	<b>“</b>	<b>5</b>
○ <b>Hafnarsjóður .....</b>	<b>“</b>	<b>6</b>
○ <b>Framkvæmdasjóður .....</b>	<b>“</b>	<b>6</b>
○ <b>Önnur fyrirtæki .....</b>	<b>“</b>	<b>6</b>
○ <b>Samandregin A og B hluti .....</b>	<b>“</b>	<b>6</b>
○ <b>Efnahagsreikningur .....</b>	<b>“</b>	<b>6</b>
○ <b>Sjóðsstreymisyfirlit .....</b>	<b>“</b>	<b>7</b>
<b>5. Niðurstöður og lokaorð .....</b>	<b>“</b>	<b>7</b>

## 1. Framkvæmd endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var framkvæmd eftir góðri endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt verði í ljós að ársreikningurinn væri í meginatriðum án annmarka. Skipulagningin tekur mið af áhættuþáttum í rekstri Stykkishólmsbæjar og innra eftirlitskerfi svo sem, innheimtueftirliti, eftirlitsaðgerðum reikningshalds, stjórnunarlegu eftirliti með rekstri og áætlunum sem fyrir liggja á hverjum tíma.

Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldsgögnum og bókhaldskerfum að því marki sem við töldum nauðsynlegt til að komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreiknings Stykkishólmsbæjar. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits. Við endurskoðunina voru afstemmingar á eigna- og skuldaliðum yfirfarnar og mat eignaliða sannreynt. Endurskoðunin fól einnig í sér greiningu á hinum ýmsu liðum rekstrarreikningsins, samanburði við áætlun og ársreikning fyrra árs.

Við höfum einnig kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu Stykkishólmsbæjar sem lög og reglur mæla fyrir um.

Á bls. 8 hér á eftir í skýrslunni er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum okkar og ábendingum.

## 2. Endurskoðun ársreiknings 2012

### *Almennar endurskoðunaraðgerðir*

Við endurskoðun á ársreikningi ársins 2012 voru gerðar ýmsar kannanir á bókhaldi bæjarins og bókhaldskerfum eins og áður er komið fram.

Meðal þeirra endurskoðunaraðgerða sem fram hafa farið má nefna eftirfarandi:

- Gerðar voru athuganir á afstemmingum efnahagsliða. Auk þess var farið yfir afstemmingar á undirkerfum við aðalbókhald bæjarins og mat á einstökum eignum yfirfarið.
- Gerð var könnun á útistandandi kröfum og skuldastöðu einstakra skuldunauta. Í ársuppgjörunu eru útistandandi skuldir færðar niður um 4 millj. kr. Innheimtueftirlit og eftirfylgni með ógreiddum kröfum er í eðlilegum farvegi.
- Gerð var greining á rekstrarkostnaði með tilliti til ársreiknings fyrra árs og áætlunar ársins. Í skýringu nr. 38 í ársreikningnum sést hvernig útgjöld ársins skiptast hlutfallslega m.v. tekjur, og hvernig sú skipting er miðað við fyrra ár.
- Gerður var samanburður á fjárhagsáætlun ársins og ársreikningi og frávik könnuð.
- Farið var yfir launaútreikninga og ráðningarsamninga við starfsmenn.
- Gerð var könnun á eignfærslu fastafjármuna og hvað lá til grundvallar þeirri eignfærslu.
- Kaup á áhöldum og tækjum voru könnuð og sérstaklega litið til gjaldfærslu og eignfærslu þessara kaupa
- Gerð var könnun á innra eftirlit og meðferð fjármuna bæjarins. Skoðaðar voru þær vinnuáðferðir sem viðhafðar eru við greiðslu reikninga hjá bæjarfélaginu. Gerð var könnun á tekjuskráningarkerfi bæjarins

### 3. Fjárhagsáætlun og rauntölur.

Samkvæmt fundargerðum bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar var fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 15. desember 2011. Í september 2012 var fjárhagsáætlunin endurskoðuð og samþykktur viðauki við fyrri áætlun. Fjárhagsáætlunin er birt í ársreikningnum til samanburðar við rauntölur. Framsetning fjárhagsáætlunar hefur verið samræmd framsetningu ársreiknings eftir því sem með hefur þurft.

#### 3.1 Rekstur A hluta – miðað við fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða A hluta samkvæmt fjárhagsáætlun var áætluð jákvæð um 28.644 þús. kr. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á milli ársreiknings A hluta og áætlunarinnar.

	Ársreikn	Áætlun	Mismunur	%
Skatttekjur.....	504.223	486.462	17.761	3,65%
Framlag jöfnunarsjóðs.....	184.454	175.000	9.454	5,40%
Aðrar tekjur.....	157.103	164.339	-7.236	-4,40%
Laun og launatengd gjöld.....	455.153	458.576	-3.423	-0,75%
Annar rekstrarkostnaður.....	280.128	234.608	45.520	19,40%
Afskriftir.....	37.562	37.217	345	0,93%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	-61.993	-66.756	4.763	-7,13%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....	10.945	28.644	-17.699	-61,79%

#### 3.2 Rekstur A og B hluta – miðað við fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta samkvæmt fjárhagsáætlun var áætluð jákvæð um 27.217 þús. kr. Niðurstaða samantekins ársreiknings 2012 fyrir A og B hluta í samanburði við fjárhagsáætlun er sýnd í eftirfarandi töflu.

	Ársreikn	Áætlun	Mismunur	%
Skatttekjur.....	529.563	486.462	43.101	8,86%
Framlag jöfnunarsjóðs.....	184.454	175.000	9.454	5,40%
Aðrar tekjur.....	202.036	230.216	-28.180	-12,24%
Laun og launatengd gjöld.....	465.541	468.076	-2.535	-0,54%
Annar rekstrarkostnaður.....	298.642	250.551	48.091	19,19%
Afskriftir.....	52.138	49.752	2.386	4,80%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	-95.279	-96.082	803	-0,84%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....	4.451	27.217	-22.766	-83,65%

Helstu frávik frá fjárhagsáætlun A hluta má rekja til meiri útgjalda í félagsþjónustu s.s. fjárhagsaðstoðar og málefna fatlaðra, framkvæmdum á gámasvæði, skipulagsvinnu, opinna svæða og tölvukostnaðar á skrifstofu bæjarins. Auk þessa þá var rekstur þjónustumiðstöðvar langt frá því að vera innan áætlunar en þar munar um 11 millj. kr. á áætlun og útkomu. Í B hluta þá voru allar rekstrareiningar yfir áætlun bæði ef tekið er tillit til tekna og gjalda.

### 3.3 Fjárfesting A og B hluta – miðað við fjárhagsáætlun.

Fjárfesting A hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam á árinu 2012 50,8 millj. kr., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 28 millj. kr. fjárfestingu. Fjárfesting B hluta nam á árinu 2012 13,7 millj. kr., í fjárhagsáætlun var áætluð fjárfesting 17,5 millj. kr.. Heildarfjárfesting á árinu 2012 nam því 64,5 millj. kr. en áætluð fjárfesting var 45,5 millj. kr.

Í skýringu nr. 22 í ársreikningnum er gerð nánari grein fyrir fjárfestingum á árinu í samanburði við fjárhagsáætlun.

## 4. Ársreikningur bæjarfélagsins 2012 – afkoma og fjárhagsstaða.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar er samandregin ársreikningur A hluta og B hluta stofnanna bæjarins s.s. fráveitu, hafnarsjóðs, framkvæmdasjóðs og einkahlutafélags um leiguíbúðir (FSH), sem er að fullu í eigu bæjarins. Í ársreikningnum eru innri viðskipti á milli þessarra aðila s.s. reiknuð húsaleiga, fasteignagjöld og þjónusta felld út úr ársreikningnum. Þegar fjallað er um ársreikninginn og hann skoðaður verður að hafa þetta í huga því í ársreikningi einstakra eininga eru þessar tekjur og gjöld innifalin, en eru felld út í samandregna ársreikningnum, enda hafa þessir liðir ekki áhrif á lokaniðurstöðu ársreikningsins.

Hér á eftir verður fjallað um hverja rekstrareiningu fyrir sig auk samstæðunnar.

### *Rekstrarreikningur*

#### **Bæjarsjóður A hluti.**

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2012 voru tekjur bæjarsjóðs 845,8 millj. kr. samanborið við 764,7 millj. kr. árið 2012. Hækkun á milli ára nemur því rúmlega 10,6%. Rekstrargjöld bæjarsjóðs þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir var 772,8 millj. kr. samanborið við 721,2 millj. kr. árið 2011, hækkun nemur 7,2%.

Rekstrarhagnaður Bæjarsjóðs fyrir fjármagnsgjöld nam 72,9 milljón króna en þá hefur verið tekið tillit til reiknaðra liða s.s. hækkunar lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð 11,4 millj. kr. og afskrifta að fjárhæð 37,5 millj. kr. Niðurstaða ársins 2011 var rekstrarhagnaður 43,5 millj. kr.

Fjármagnsgjöld Bæjarsjóðs á árinu 2012 námu 61,9 millj. kr. en voru 78,6 millj. kr. á árinu 2011. Á árinu 2012 voru reiknaðar verðbætur lána Bæjarsjóðs 29,3 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins 2012 varð því jákvæð um 10,9 millj. kr. en var neikvæð um 35,1 millj. kr. árið 2011.

Skatttekjur bæjarins hækkuðu um 57,3 millj. kr. eða 12,8% á milli ára. Framlög frá Jöfnunarsjóði hækkaði um 24,7 millj. kr. eða um 15,5% á milli ára

Rekstur málaflokka sem hlutfall af heildartekjum lækkar á árinu 2012 í 101,2% af tekjum en var á árinu 2011 um 106,3%, í skýringu nr. 38 í ársreikningnum sést hvernig þessi gjöld skiptast. Rekstur fræðslumála sem hlutfall af heildartekjum lækkaði úr 55,9% í 53,3%, og eins lækkuðu æskulýðs- og íþróttamál úr 20,1% í 18,7% af heildartekjum. Þá hækkaði félagsþjónusta úr 9,1% í 10% af tekjum á milli ára. Umferðar- og samgöngumál hækkaði úr 4,5% af tekjum í 4,7% en sameiginlegur kostnaður lækkaði úr 10,5% af tekjum í 8%. Lífeyrisskuldbinding hækkaði úr 0,8% í 1,6% af tekjum. Fjármagnsliðir lækkuðu úr 8,7% í 8,2% sem hlutfall af tekjum á milli ára. Aðrir málaflokkar stóðu nánast í stað sem hlutfall af tekjum á milli ára.

Afkoma eignasjóðs batnaði verulega á milli ára, hagnaður fór úr 12 millj. kr á árinu 2011 í 29,5 millj. kr á árinu 2012. Rekstur þjónustumiðstöðvar er erfiður eins og áður og fór langt umfram fjárhagsáætlun.

Um nánari greiningu á einstökum liðum í rekstri Bæjarsjóðs vísast til ársreikningsins og til sundurliðunarbókar með ársreikningi.

## **B hluta fyrirtæki.**

Rekstur B hluta fyrirtækja bæjarins hefur undanfarin ár verið erfiður. Á árinu gekk rekstur þessarra fyrirtækja betur, rekstur Fráveitu og Hafnarinnar var með hagnaði á árinu en rekstur Framkvæmdasjóðs og FSH með rekstrarhalla.

### **Fráveita.**

Fráveitan er rekin með 0,6 millj. kr. hagnaði á árinu 2012 miðað við 4,2 millj. kr. rekstrarhalla 2011, en þá hefur verið tekið tillit til afskrifta að fjárhæð 8 millj. kr. og gengismunar að fjárhæð 6,6 millj. kr. Stærsti munurinn á milli ára liggur í lækkun á viðhaldi og endurbótum á kerfinu og lækkun fjármagnskostnaðar sem skýrist að langmestu leiti af lækkun á verðbótum milli ára. Samkvæmt sjóðsstreymisyfirlit var framlag frá rekstri 15,3 millj. kr. Áætlaðar afborganir langtíma lána á árinu 2013 eru um 13,1 millj. kr.

### **Hafnarsjóður.**

Rekstur hafnarsjóðs hefur verið að lagast eftir viðvarandi rekstrarhalla undanfarinna ára. Á árinu 2012 var hagnaður af rekstri hafnarsjóðs 3,0 millj. kr. Þegar tekið hafði verið tillit til afskrifta að fjárhæð 5,7 millj. kr. og gengismunar 4,0 millj. kr. Tekjur hafnarinnar hækkuðu um rúmar 6,2 milljón króna á milli ára. Þennan bætta rekstrarárangur má eingöngu rekja til hækkunnar tekna. Samkvæmt sjóðsstreymisyfirlit var framlag frá rekstri 12,8 millj. kr. Áætlaðar afborganir langtíma lána á árinu 2013 eru um 12,4 millj. kr.

### **Framkvæmdasjóður.**

Framkvæmdasjóður var rekinn með 5,3 millj. kr. halla á árinu, sem stafar aðallega af fjármagnskostnaði. Nánast engar tekjur eru í Framkvæmdasjóði þannig að bæjarsjóður leggur honum til fé til að standa við skuldbindingar sínar og fjárfestingar, en á árinu 2012 var fjárfest fyrir 7,6 millj. kr í hlutabréfum. Samkvæmt sjóðsstreymisyfirlit var framlag til rekstrar 2,2 millj. kr.

## **Önnur fyrirtæki.**

FSH er fært sem hluti af samstæðu Stykkishólmsbæjar þar sem það er einkahlutafélag um leiguíbúðir bæjarins sem er að fullu í eigu Stykkishólmsbæjar. Rekstur FSH er erfiður en rekstrarniðurstaða ársins er rekstrarhalli að fjárhæð 4,9 millj. kr. en var á árinu 2011 rekstrarhalli 3,0 millj. kr. Hallarekstur FSH skýrist að mestu leiti af háum fjármagnskostnaði vegna mikillar skuldsetningar og töluverðum viðhaldskostnaði s.l. ár. Í árslok 2012 var eigið fé félagsins neikvætt um 46,9 millj. kr., og skuldir alls voru um 66,9 millj. kr. Þrátt fyrir neikvætt eigið fé má gera ráð fyrir að í raun sé það jákvætt ef tekið er tillit til þess að íbúðir FSH eru tilgreindar á bókfærðu verði 32,2 millj. kr en fasteignamat þeirra er um 102 millj. kr. Samkvæmt sjóðsstreymisyfirlit var framlag til rekstrar 1,0 millj. kr.

## **Samstæðan A og B hluti.**

Heildartekjur samstæðu A og B hluta Stykkishólmsbæjar námu 916,1 millj. kr. á árinu 2012 en voru 822,5 millj. kr. árið 2011. Hækkun á milli ára nemur því 11,4%. Rekstrargjöld samstæðunnar þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir var 816,3 millj. kr. samanborið við 757,9 millj. kr. árið 2011, hækkun nemur 7,7%.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir fjármagnsgjöld nam 99,7 milljón króna en þá hefur verið tekið tillit til reiknaðra liða s.s. hækkunar líffeyrisskuldbindinga að fjárhæð 11,4 millj. kr. og afskrifta að fjárhæð 52,1 millj. kr. Niðurstaða ársins 2011 var 64,6 millj. kr.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar á árinu 2012 námu 95,3 millj. kr. en voru 112,3 millj. kr. á árinu 2011. Á árinu 2012 voru reiknaðar verðbætur lána samstæðunnar 37,3 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins 2012 varð því jákvæð um 4,5 millj. kr. en var neikvæð um 47,7 millj. kr. árið 2011.

Á bls. 20 í ársreikningnum má sjá hvernig tekjur og gjöld bæjarfélagsins hafa þróast s.l. fimm ár, og á bls. 21 er samanburður á rekstrarreikningum og áætlunum árána 2012 og 2011.

### ***Efnahagsreikningur***

Samkvæmt efnahagsreikningi A hluta hinn 31/12 2012 er bókfært eigið fé bæjarsjóðs 1.051,8 millj. kr. Heildareignir eru bókfærðar á 2.303,1 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 1.251,3 millj. kr. þ.a. nemur lífeyrisskuldbinding um 209,9 millj. kr. sem skiptast í lífeyrisskuldbindingar sem falla í gjalddaga á næstu 15 árum 131,1 millj. kr og sem falla í gjalddaga síðar 78,8 millj. kr., langtímaskuldir um 846,7 millj. kr. og skammtímaskuldir um 194,7 millj. kr. Skuldahlutfall skv. útreikningsreglum er um 138,6%. Veltufjárhlutfall er 1,54 og eigið fé er 45,7%. Þegar þessar tölur eru skoðaðar verður að hafa í huga að inni í þeim eru kröfur á eigin fyrirtæki sem fullvíst má telja að innheimtist ekki innan ársins.

Efnahagsreikningur samstæðunnar A og B hluta sýnir nokkuð lakari mynd en efnahagsreikningur A hluta. Þar er eigið fé 863,9 millj. kr. Heildareignir eru bókfærðar á 2.316,1 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 1.1452,2 millj. kr. þ.a. nemur lífeyrisskuldbinding um 204,2 millj. kr., sem skiptast í lífeyrisskuldbindingar sem falla í gjalddaga á næstu 15 árum 131,1 millj. kr og sem falla í gjalddaga síðar 78,8 millj. kr., langtímaskuldir um 1.013,5 millj. kr. og skammtímaskuldir 228,8 millj. kr. Skuldahlutfall skv. útreikningsreglum er um 149,9%. Veltufjárhlutfallið er 0,57% og eigið fé 37,3%.

Eins og fram kemur í efnahagsreikningnum þá hefur eigið fé hækkað meira á milli ára en rekstrarhagnaður af rekstri bæjarins var á árinu 2012. Þessi hækkan skýrist af því að í reikningsskilunum er lönd og lóðir færðar til eignar m.v. ákveðna ávöxtunarkröfu, sem ræðst af lóðarleigu ársins. Þetta hefur þær afleiðingar að matsverð landa og lóða getur breyst á milli ára. Nánari grein er gerð fyrir þessari breytingu í skýringu nr. 2 í ársreikningnum.

Neikvæður rekstur B hluta fyrirtækja undanfarin ár er að draga heildina niður. Eiginfjárhlutfall bæjarins í árslok 2012 var 37,3%, en hafa ber í huga þegar það er skoðað að eignir bæjarfélagsins eru allar tilgreindar á upphaflegu kostnaðarverði en ekki raunvirði þannig að raunveruleg hrein eign Stykkishólmsbæjar er hugsanlega hærri.

Varðandi nánari skýringar og samanburð við fyrra ár er vísað til efnahagsreiknings á bls. 6-7 og skýringa nr. 21-33 í ársreikningi.

### ***Sjóðsstreymi***

Í sjóðsstreymi A hluta bæjarsjóðs fyrir árið 2012 sést að veltufé frá rekstri er 74,2 millj. kr., og í sjóðsstreymi samdregins A og B hluta er veltufé frá rekstri 90,3 millj. kr. Þetta er um 9,9% af heildartekjum bæjarfélagsins. Mjög mikilvægt er að rekstur bæjarfélagsins skili veltufé frá rekstri, en þaðan kemur fjármagn til nýrra fjárfestinga og afborgana lána, þetta er því ein mikilvægasta niðurstaðan í ársreikningum. Á árinu 2012 var fjárfest fyrir um 64,2 millj. kr. en var 23,8 millj. kr. árið áður. Þetta er um 7% af rekstrartekjum bæjarins. Þessar fjárfestingar voru fjármagnaðar með sölu eigna að hluta en afborganir lána voru fjármagnaðar með nýjum lántökum, nettó lækkan skulda nam um 9,7 millj. kr. Í árslok 2012 nam handbært fé bæjarins um 28,7 millj. kr. en var um 9,7 millj. kr. í ársbyrjun. Áætlaðar afborganir langtímaskulda bæjarsjóðs á árinu 2013 er um 129,6 millj. kr. Miðað við núverandi skuldsetningu Stykkishólmsbæjar og sama framlag frá rekstri tæki tæplega 14 ár að greiða upp allar skuldir bæjarfélagsins þ.e. bæði A og B hluta.

#### 4. Niðurstöður.

Hér á eftir koma fram helstu niðurstöður okkar sem komu fram við endurskoðunina.

##### ***Bókhald og eftirlit.***

Innra eftirlit, eftirfylgni svo og vinna við bókhaldið og afstemmingar er í ágætu lagi. Bókhaldið er fært jafnóðum og helstu afstemmingar eru framkvæmdar mánaðarlega. Eftirlit með fjármunum og greiðslum bæjarfélagsins er í föstum skorðum og verkaskipting á milli aðila er góð. Útgáfa reikninga og innheimta þeirra er í föstum skorðum hjá sveitarfélaginu.

##### ***Útstandandi skuldir.***

Á undanförunum árum hefur verið fært á afskriftarreikning framlög til að mæta óvissum kröfum, þessi reikningur stóð í u.þ.b. 4,0 millj. kr. í árslok. Það er mín skoðun að búið sé að færa úr bókhaldi bæjarins verulegan hluta af þeim kröfum sem voru tapaðar. En ég tel þó að reglulega þurfi að fara yfir skuldalista og taka formlega ákvörðun um hvað skuli t.d. afskrifast að fullu og hvað skuli færast á félagsmál því töluvert af þessum kröfum eru vegna kaupa íbúa á félagslegri þjónustu. Ég tel að á árinu 2013 verði að afskrifa að fullu nokkrar kröfur með því að nýta að fullu afskriftarreikninginn auk þess að leggja til hliðar á afskriftarreikning all nokkra fjárhæð til að mæta óvissum kröfum.

##### ***Langtímakröfur.***

Á meðal eigna bæjarsjóðs eru langtímakröfur á Eignasjóð og Fráveitu. Samtals nema þessar kröfur um 489,9 millj. kr. sem greinist þannig að krafa á Fráveitu er 130,8 millj. kr. og á Eignasjóð 359,1 millj. kr. Þessar kröfur mynduðust þegar Eignasjóður og Fráveita voru færð frá bæjarsjóði og gerð að sérstökum rekstrareiningum, eins og áður hefur komið fram. Þessar kröfur hafa verið verðbættar og vaxtareiknaðar í samræmi við fyrirmæli Reiknings-skila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga. Fráveitan stóð nánast í skilum með vexti og afborganir af sinni skuld. Eignasjóður greiddi vexti og hluta af afborgunum. Aðrar kröfur eru um 19,3 millj. kr. að mestu vegna sölu eigna og útstandandi gatnagerðargjalda.

##### ***Handbært fé.***

Handbært fé Stykkishólmsbæjar hækkaði um 19 millj. kr. á árinu 2012 eða úr 9,7 millj. kr. í ársbyrjun 2011 í 28,7 millj. kr. í árslok. Handbært fé bæjarins hafði á undanförunum árum lækkað verulega. Að mínu áliti er nauðsynlegt að bæjarsjóður hafi aðgang að lausu fé, það er nauðsynlegt að í sjóði sé laust fé sem nægi fyrir a.m.k. eins mánaðar útgjöldum. Að öðrum kosti er hætta á að bæjarsjóður geti lent í greiðsluvandræðum með tilheyrandi kostnaði. Í árslok 2012 var veltufjárhlutfall Stykkishólmsbæjar 0,57% en þarf að vera a.m.k. 1,0. Veltufjárhlutfall er mælikvarði á hæfi rekstraraðila til að geta staðið við skuldbindingar sínar innan ársins.

##### ***Skuldir og skuldbindingar.***

Í árslok 2012 eru heildarskuldir og skuldbindingar Stykkishólmsbæjar um 1.452,2 millj. kr. eða um 1.306 þús. kr. pr. íbúa þ.a. eru lífeyrisskuldbindingar um 188,7 þús. kr. pr. íbúa. Að auki hvíla á bæjarfélaginu skuldbindingar utan efnahagsreiknings að fjárhæð um 163,6 þús. kr. pr. íbúa. Þrátt fyrir töluverða skuldsetningu bæjarfélagsins er staða bæjarfélagsins góð a.m.k. ef miðað er við eiginfjárstöðu, en ég tel einsýnt að bærinn geti lent í greiðsluvandræðum ef ekki tekst að viðhalda þeim viðsnúningi sem varð á rekstrinum á árinu 2012 á næstu árum og auka veltufé frá rekstri. Ég tel að fara verði með gát varðandi aukningu á skuldsetningu bæjarfélagsins. Á það skal bent að áætlaðar afborganir lána á árinu 2013 nema um 129,5 millj. kr. en á árinu 2012 var veltufé frá rekstri skv. sjóðsstreymisyfirliti 90,3 millj. kr. sem er töluvert hærri fjárhæð en fyrri ár, það er því augljóst að Stykkishólmsbær verður að taka ný lán til að geta staðið í skilum aukist veltufé frá rekstri ekki á milli ára. Öll lán og skuldbindingar eru í skilum í árslok. Í árslok eru heildarskuldir Stykkishólmsbær u.þ.b. 149,9% af tekjum, m.v. reiknireglur Reiknings-skilanefndar sveitarfélaga. Samkvæmt lögum nr. 138/2011 Sveitarstjórnarlög þá skulu heildarskuldir og skuldbindingar ekki vera hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Stykkishólmsbær er því fyrir neðan þetta viðmið í árslok 2012



### ***Fjárhagsáætlun.***

Við samanburð á fjárhagsáætlun og ársreikningi hafa komið nokkur frávik sem sum eiga sér eðlilegar skýringar. Setning fjárhagsáætlunar er markmiðssetning þannig að alltaf má búast við einhverjum frávikum. Þessi frávik eru minni á árinu 2012 en oft áður sem e.t.v. skýrist af vandaðri vinnu við fjárhagsáætlunargerðina og því að áætlunin var endurskoðuð í september 2012. Eins og áður hefur áætlunin verið kynnt fyrir forstöðumönnum stærstu einstakra rekstrareininga eins og skólanna og íþróttamannvirkjanna ég tel að þetta gefi ótvírætt gott aðhald í rekstrinum því þannig verði þeir meðvitaðri um reksturinn. Rekstur þjónustumiðstöðvar virðist ekki getað rúmast innan fjárhagsáætlunar a.m.k. ekki miðað við undanfarin ár.

### ***Rekstur bæjarfélagsins.***

Verulegur viðsnúningur hefur orðið á rekstri bæjarfélagsins á árinu 2012. Hagnaður varð af rekstri bæði A hluta og A og B hluta. Frá árin 2007 hafa tekjur bæjarfélagsins ekki staðið undir útgjöldum þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Og í raun hafa aðeins tvö af síðustu níu árum skilað hagnaði þ.e. árin 2006 og 2007. Rekstrarárangur ársins 2012 má að verulegu leiti rekja til meiri tekna og þess kostnaðaraðhalds sem gætt var. Þá skiptir minni verðbólga einnig verulegu máli. Eins og áður er langstærsti útgjaldaliðurinn í rekstri bæjarfélagsins laun og launatengd gjöld eða um 51% af útgjöldum, en þetta hlutfall hefur lækkað úr 64% frá árinu 2010. Vegna lögboðinna verkefna bæjarfélagsins og þess hve kostnaðarliðir sem bæjarfélagið getur lítil áhrif haft á er því sniðinn þröngur stakkur að snúa rekstrarhalla í rekstrarafgang. Það er því ánægju efni að rekstrartekjurnar á árinu 2012 skuli vaxa um tæp 11,5% á meðan rekstrarútgjöldin vaxa um rúm 7,7%. Lækkun á framlögum Jöfnunarsjóðs undanfarin ár hafa komið illa við Stykkishólmsbæ. Á árinu 2012 hækkuðu framlög Jöfnunarsjóðs aftur eða um 24,7 millj. kr.

Það er alveg ljóst að til að viðhalda þeim árangri sem náðist í rekstri á árinu 2012 verður að gæta áfram verulegs aðhalds í rekstri bæjarfélagsins.

Undanfarin ár hefur rekstur fræðslumála og æskulýðs- og íþróttamál verið lang stærstu málaflokkarnir í rekstri bæjarfélagsins með yfir 75% af útgjöldum m.v. tekjur, á árinu 2012 lækkaði þetta hlutfall niður í 72% af tekjum. Annar málaflokkur sem hefur verið að vaxa mikið undanfarin ár er félagsþjónusta en hún tekur til sín á árinu 2012 um 10% af tekjum.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru ákvæði þess efnis að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Þetta ákvæði tók gildi í upphafi árs 2012 við afmörkun þriggja ára tímabilsins.

### ***Lokaorð.***

Eins og fram kemur í áritun okkar á ársreikninginn er það álit okkar að hann gefi glögga mynd af afkomu Stykkishólmsbæjar á reikningsárinu 2012, efnahag bæjarfélagsins 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 24. apríl 2013.

**Prep ehf. – endurskoðun.**

Löggiltur endurskoðandi.